

## 2007 nr. 26 23. mars

### Lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn

Tóku gildi 29. mars 2007. *Breytt með l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).* Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Heimild þessi tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara.

□ Markmið könnunarinnar og meginverkefni nefndar skulu vera eftirlatin:

a. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.

b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.

c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttáð.

d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

□ Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til [ráðherra]<sup>1)</sup> sem kynnir Alþingi skýrsluna.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 447. gr.

#### ■ 2. gr.

□ Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Skal formaður hennar uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómar. Nefndinni er heimilt að kalla eftir aðstoð sérfraðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti könnunarinnar.

#### ■ 3. gr.

□ Nefndin skal hafa frjálsan og óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórvalda sem varða starfsemi þess vist- eða meðferðarheimilis fyrir börn sem erindisbréf hennar nær til. Þá skulu stjórnvöld, sé þess óskað, taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar.

□ Nefndinni er heimilt að taka skýrslur af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búa yfir vitneskjum sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt.

□ Læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólk og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, er skylt að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gildir um þá sem látið hafa af störfum.

□ Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða binding um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða að það gæti orðið honum til mannorðspjalla.

□ Sá sem vísvitandi gefur nefndinni rangar eða villandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

#### ■ 4. gr.

□ Fundir nefndarinnar eru lokaðir.

□ Nefndarmenn og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalif manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndar er lokið.

□ Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.

#### ■ 5. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður skipan nefndarinnar, skipunartíma og bóknun og setur henni erindisbréf þar sem nánar er mælt fyrir um verkefni nefndarinnar. Skal þar einkum kveðið á um það til hvaða starfsemi könnun nefndarinnar tekur og það tímabil sem könnunin beinist að. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 447. gr.

#### ■ 6. gr.

□ Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar eða um þau gögn sem nefndin aftar sér eða sem hún útbýr eða lætur útbúa. Þá gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993, ekki um störf nefndarinnar.

#### ■ 7. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.